



Launavísitalan á sinni eigin siglingu óháð erfiðu efnahagsástandi

Launavísitalan hækkaði um 0,2% milli ágúst og september samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 6,7%, sem er meiri ársbreyting en hefur verið síðustu tvo mánuði.

Að sögn Hagstofunnar má rekja hækkun vísitölnunnar nú að mestu til meiri aukagreiðslna, eins og álags-, bónus- og vaktageiðslna. Árshækkunartaktur launavísitölnunnar var rúmlega 4% allan seinni hluta ársins 2019, en hefur verið vel ofan við 6% allt frá því í apríl. Almennar hækkningar launa samkvæmt kjarasamningum verða næst í janúar 2021 þannig að reikna má með að launaþróun verði með álíka rólegum hætti fram að því.

Kaupmáttur launa enn í hæstu hæðum

Vísitala neysliverðs hækkaði um 3,5% milli septembermánaða 2019 og 2020. Launavísitalan hækkaði um 6,7% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára er enn töluverð, eða 3,2%.


Kaupmáttur launa heldur því áfram að vera mjög mikill í sögulegu samhengi þrátt fyrir aukna verðbólgu. Kaupmáttarvísitala hefur aðeins sigið síðustu mánuði og er kaupmáttur launa nú 0,6% minni en í apríl þegar hann var hæstur.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Sé litið á launabreytingar hjá stóru hópunum á vinnumarkaðnum frá júlí 2019 fram til sama tíma 2020 sést að launin á almenna markaðnum hækkuðu um 5,9% á þessum tíma og um 7,7% á þeim opinbera, 7,4% hjá ríkinu og 8,1% hjá sveitarfélögunum. Mæld launavísitala hækkaði um 6,3% á sama tíma.


Því virðist sem opinberi markaðurinn sé leiðandi í launabreytingum um þessar mundir, en sé litið yfir aðeins lengra tímabil má sjá að laun á almenna markaðnum hafa hækkað meira.

12 mánaða hækkunartaktur launa




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launaþróun og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun einstakra hópa
júlí 2019 - júlí 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest milli júlí 2019 og 2020, um 8,1%. Laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hækkuðu næst mest, um 7,3%. Laun stjórnenda hækkuðu minnst á þessu tímabili, eða um 3,1%. Launavísitalan hækkaði um 6,3% á þessu tímabili þannig að laun verkafólks hafa hækkað mun meira en meðaltalið og laun stjórnenda verulega minna.

Laun í atvinnugreinum

Meðal atvinnugreina hækkuðu laun mest í veitustarfsemi á milli júlí 2019 og 2020, um 9,8%, og minnst í byggingu og mannvirkjagerð, um 4,2%. Það lítur því út fyrir að minni umsvif í byggingastarfsemi hafi minnkað launaþrýsting í þeim greinum.


Launapróun og atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi án hlutabóta var 3,5% í september 2019. Það jókst um 5,5 prósentustig á einu ári og var 9% nú í september. Hlutfall starfandi fólks af vinnuafli minnkaði hins vegar um 1,3 prósentustig á sama tíma, úr 77,3% í 76%. Atvinnuþátttaka minnkaði um 0,9% á þessu tímabili, úr 80,1% í 79,2%. Á sama tíma hefur launavísitala hækkað um 6,7% og kaupmáttur launa um 3,2%.

Þetta er mjög óvenjuleg staða sé miðað við reynslu okkar af fyrri samdráttarskeiðum þar sem ávallt hefur verið lögð áhersla á að vernda hátt atvinnustig og kaupmáttur launa hefur jafnan fallið vegna mikillar verðbólgu. Nú er raunin hins vegar sú að áfallið kemur fyrst og fremst niður á atvinnustiginu og atvinnuleysi er nú þegar komið í sögulegar hæðir í upphafi kreppunnar.


Óvissan er mikil í hagkerfinu, en margt bendir til þess að atvinnuleysi eigi eftir að aukast og verða langvinnt. Það er hins vegar ljóst að laun munu hækka samkvæmt kjarasamningum í upphafi næsta árs og haldi verðlagsþróun áfram með svipuðum hætti má búast við áframhaldandi kaupmáttaraukningu. Þessi staða er algerlega ný í íslensku hagsögu og svo virðist sem langvarandi sérstaða okkar hvað atvinnustig varðar sé á undanhaldi.

Launapróun á tveimur mörkuðum




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun starfsstétta júlí 2019 - júlí 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Launahækkun í atvinnugreinum júlí 2019 - júlí 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.